

Fræðsluráð - 275 (18.2.2013)

Málsnúmer : 1212079
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Niðurstaða (stutt) : Sjá bókun
Fundardagur : 18.02.2013

Inngangur : Tekið fyrir að nýju frá síðasta fundi.

Niðurstaða : Fræðsluráð telur að núverandi fyrirkomulag ræstingar í skólum bæjarins sé hagkvæmara en það sem felst í tillögum bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og leggur því ekki til breytingu, en vísar málinu til endanlegrar afgreiðslu í bæjarráði sem hefur með útboð og önnur rekstrarmál að gera. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska bókað: Gögn sem liggja þurfa til grundvallar ákvörðunartöku varðandi skólaliðaræstingu liggja ekki fyrir þrátt fyrir ítarlegar tilraunir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins til þess að afla þeirra gagna. Þegar skýrslur óháðra úttektaraðila gefa til kynna að um talsverðan sparnað geti verið að ræða af skólaliðaræstingu og önnur sveitarfélög af sömu stærðargráðu hafa valið það fyrirkomulag er ástæða til þess að fullkanna slíkt fyrirkomulag. Það hefur ekki verið gert. Tillaga fulltrúa meirihlutans um að vísa málinu í bæjarráð er sett fram í andstöðu við fulltrúa minnihlutans sem hafa óskað eftir frestun á málinu á milli funda vegna vöntunar á gögnum. Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir (sign) Helga Ingólfssdóttir (sign)